

Ár 2015, fimmtudaginn 6. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi bar formaður upp dagskrárbreytingatillögu svohljóðandi:

Við bætist eftirfarandi liðir:

3.2. Lóðarumsókn Dalsbrún 9-11

3.3. Lóðarumsókn Dalsbrún 13-15

3.4. Lóðarumsókn Dalsbrún 21-23

Töluröð annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Mennta- og menningarmálaráðherra frá júlí 2015.

Í bréfinu er gerð grein fyrir *Þjóðarsáttmála um læsi* þar sem aðilar sáttmálans, ríki og sveitarfélög, skuldbinda sig til að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að ná settu markmiði um læsi sem er að öll börn, sem til þess hafa getu, lesi sér til gagns við útskrift úr grunnskóla.

Bæjarráð fagnar áformum ráðherra og samþykkir að taka þátt í átakinu. Bæjarstjóra falið að undirrita sáttmálann fyrir hönd Hveragerðisbæjar.

1.2. Landsbankanum frá 23. júlí 2015.

Í bréfinu er óskað eftir því að skipulagsyfirvöld í Hveragerði veiti undanþágu frá byggingaskyldu á Austurmörk 25 í Hveragerði, fastanúmer 221-08212 sbr. 2. mgr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar. Jafnframt óskar Landsbankinn eftir viðræðum við Hveragerðisbæ um að bærinn leysi til sín lóðina í núverandi ástandi gegn greiðslu.

Bæjarráð frestar afgreiðslu erindisins og óskar eftir rökstuðningi bréfitara fyrir beiðninni áður en ákvörðun er tekin varðandi undanþáguna.

1.3. **Öryrkjabandalagi Íslands frá 21. júlí 2015.**

Með bréfinu eru kynntir möguleikar varðandi aðgengileg ferðasalerni fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum á vegum sveitarfélaga og ríkis.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Gróu Friðgeirsdóttur frá 27. júlí 2015.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk vegna árlegs golfmóts í minningu Friðgeirs Kristjánssonar sem nú er haldið í 10. sinn.

Bæjarráð samþykkir að styrkja mótið með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Beiðni um styrk v. fyrirhugaðrar vettvangs- og fræðsluferðar starfsmanna á Heimilinu Birkimörk.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk vegna fyrirhugaðrar vettvangs- og fræðsluferðar starfsmanna á Heimilinu Birkimörk.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu enda væri slíkt í andstöðu við fyrri ákvarðanir bæjarráðs.

2.2. **Umsókn um styrk fyrir nema í leikskólakennarafræðum.**

Lögð fram umsókn um styrk til náms í leikskólakennarafræðum (B.Ed) frá Svövu Dóru Svavarsdóttur starfsmanni Leikskólans Undralands.

Bæjarráð samþykkir umsóknina enda fellur hún undir nýsamþykktar reglur um styrkveitingar sem hvetja áttu starfsmenn og íbúa til að sækja sér menntun á sviði leikskólafræða.

3. **Tæknileg málefni**

3.1. **Lóðarumsókn Dalsbrún 5-7.**

SR-verk kt. 640914-1220 sækir um lóðina Dalsbrún 5-7.

Bæjarráð samþykkir að úthluta SR-verk lóðinni Dalsbrún 5-7 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

Unnur Þormóðsdóttir vék af fundi:

3.2. **Lóðarumsókn Dalsbrún 9-11.**

Byggbræður ehf kt. 560988-1419 sækja um lóðina Dalsbrún 9-11.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Byggbræðrum ehf lóðinni Dalsbrún 9-11 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

3.3. **Lóðarumsókn Dalsbrún 13-15.**

Byggbræður ehf kt. 560988-1419 sækja um lóðina Dalsbrún 13-15.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Byggbræðrum ehf lóðinni Dalsbrún 13-15 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

Unnur Þormóðsdóttir tók aftur sæti á fundinum.

3.4. **Lóðarumsókn Dalsbrún 21-23.**

LIO ehf, kt. 591291-1229 sækir um lóðina Dalsbrún 21-23.

Bæjarráð samþykkir að úthluta LIO ehf lóðinni Dalsbrún 21-23 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

3.5. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ framkvæmda í Dalnum.**

Í minnisblaðinu kemur fram að svo virðist sem framkvæmdir séu hafnar við einhvers konar mannvirki handan vaðsins við Dalakaffi. Engar upplýsingar hafa borist Hveragerðisbæ vegna þessa, engin kynning hefur farið fram á viðkomandi mannvirki og engin beiðni borist um umsögn. Það er ljóst að hér er um afar alvarlegan atburð að ræða þar sem umræddur staður er mjög viðkvæmur. Auk þess er engin aðkoma að staðnum nema í gegnum land Hveragerðisbæjar og yfir bílastæði við Hengladalaá sem þolir að óbreyttu ekki mikla umferð. Rétt er einnig að geta þess að Varmá er á náttúruminjaskrá sem gerir að verkum að vanda þarf til allrar skipulagsvinnu við ána.

Bæjarráð lýsir yfir undrun sinni á þessari framkvæmd og felur bæjarstjóra að kanna hvaða mannvirki hér er um að ræða, hvort framkvæmdin sé unnin í óleyfi eða hvort að Sveitarfélagið Ölfus hafi haft vitneskju um framkvæmdina og láðst að kynna hana fyrir Hveragerðisbæ.

3.6. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ Landsmóts UMFÍ 50+.**

Í minnisblaðinu kemur fram að við setningu Landsmóts 50+ á Blönduósi á dögnum tilkynnti Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, að mótið árið 2017 verði haldið í Hveragerði.

Þetta verður í fyrsta sinn sem mótið verður haldið á sambandsvæði HSK.

Bæjarráð fagnar ákvörðun UMFÍ og hlakkar til samstarfsins við UMFÍ og HSK um mótshaldið.

3.7. Minnisblað frá bæjarstjóra v/ göngubrúar yfir Hengladalaá.

Í minnisblaðinu kemur fram að fjöldi ferðamanna sem sækir Reykjadalinn heim hefur aukist gríðarlega í sumar. Sem dæmi má nefna að kl. 14:30 laugardaginn 1. ágúst voru 150 bílar staddir á bílastæðinu við Dalakaffi og 2 stórar rútur.

Ljóst er að staurabrúin yfir Hengladalaá var lögð þar til bráðabirgða, hún er hallandi og skökk, það vantar í hana gólfborð og á henni er ekkert handrið. Það er brýnt að þegar í stað verði hugað að nýrri brú sem gæti með góðri hönnun orðið að skemmtilegu upphafi þessarar vinsælu gönguleiðar.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir samstarfi við Sveitarfélagið Ölfus um hönnun og fjármögnun nýrrar brúar þannig að gera megi ráð fyrir framkvæmdinni við gerð fjárhagsáætlunar 2016.

Auk þess samþykkir bæjarráð að óska eftir því að gerð verði lagfæring á sveitarfélagamörkum Hveragerðis og Sveitarfélagsins Ölfuss með það að markmiði að spildan ofan Varmár og að fjallsrótum tilheyri Hveragerðisbæ.

3.8. Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira.

Gerðar hafa verið breytingar tveimur greinum reglnanna, 6. og 12. gr., og hafa reglurnar því verið gefnar út að nýju.

Lagt fram til kynningar.

3.9. Umsókn um rekstrarleyfi fyrir gististað að Birkimörk 13 og 15.

Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Múrþjónustu Helga Þ. Hf kt. 660193-2199 til að reka gististað í flokki II að Birkimörk 13 og 15.

Bæjarráð samþykkir að málið verði grenndarkynnt í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Atvinnumál:

Davíð Samúelsson gerði grein fyrir vinnu sinni undanfarnar vikur.

5. Verkfundargerðir:**5.1. Grunnskólinn í Hveragerði, eldhús frá 29. júlí 2015.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5.2. Sundlaugarhús Laugaskarði, viðhald utanhúss frá 22. júlí 2015.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5.3. **Hveragerði - Ölfusdalsvegur 2015 frá 29. júlí 2015.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5.4. **Hveragerði - Gatnagerð 2014 frá 29. júlí 2015**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir til kynningar:

6.1. NOS frá 24. júní 2015.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:08.

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)